

**LÖG**  
**um breytingu á lögum um meðferð sakamála**  
**og lögum um fullnustu refsinga (sakarkostnaður).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**Breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008,**  
**með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „1. mgr. 240. gr.“ í 3. mgr. 11. gr. laganna kemur: 1. mgr. 241. gr.

2. gr.

Á eftir 238. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Lagt skal út fyrir sakarkostnaði úr ríkissjóði. Sakarkostnaður sem sakfelldum manni er gert að greiða samkvæmt dómi, úrskurði eða viðurlagaákvörðun skal innheimtur hjá honum, eftir atvikum með fjárnámi og nauðungarsölu. Skal hann bera kostnað af þeim aðgerðum, svo og aðgerðum vegna fullnustu refsingar og annarra viðurlaga á hendur honum, til viðbótar sakarkostnaði.

Nú liggur nægilega ljóst fyrir að sakfelldur maður hefur hvorki eignir né tekjur til að standa straum af sakarkostnaði sem honum hefur verið gert að greiða og ber þá að falla frá kröfu á hendur honum um greiðslu kostnaðarins.

3. gr.

Í stað orðanna „245. gr.“ í 246. gr., 1. og 3. mgr. 247. gr. og 248. gr. laganna kemur: 246. gr.

**Breyting á lögum um fullnustu refsinga, nr. 15/2016,**  
**með síðari breytingum.**

4. gr.

2. mgr. 91. gr. laganna orðast svo:

Um niðurfellingu sakarkostnaðar fer eftir lögum um meðferð sakamála.

Nr. 17

5. apríl 2018

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 5. apríl 2018.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

---

*Sigríður Á. Andersen.*

—————  
A-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2018